

Snæfellsbær
Hildigunnur Haraldsdóttir
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 13. mars 2024
UST202402-304/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Miðsvæði á Hellissandi Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 16. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir miðsvæði á Hellissandi

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til miðsvæðis M-1 á Hellissandi þar sem fyrirhugað er að stækka hótél á lóðunum nr. 7a og 9 við Klettsbúð. Þar er gert ráð fyrir að hækka núverandi hótél um eina hæð og verður það þriggja hæða. Auk þess er fyrirhugað reisa tveggja hæða viðbyggingu fyrir hótélherbergi og einnar hæðar viðbyggingu við matsal. Í hótelinu fullbyggðu, er áætlað að verði alls 92 gistirými fyrir um 200 hótélgesti.

Hraun og náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, en svæðið er þegar raskað og því ekkert hraun á skipulagssvæðinu sem nýtur verndar. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en stofnunin vill benda á að hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, nýtur verndar samkvæmt ákvæðinu hvort sem það sé staðsett innan eða utan þéttbýlis.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur